

Skil á afdreginni staðgreiðslu af fjármagnstekjum

Fjármagnstekjuskattur af arðgreiðslum

Skylda til að draga staðgreiðslu af arði og skila í ríkissjóð hvílir á öllum einkahlutafélögum, hlutafélögum og öðrum félögum með takmarkaða ábyrgð félagsaðila.

Fjármagnstekjuskattur af vöxtum og afföllum

Skylda til að draga staðgreiðslu af vaxtatekjum og afföllum og skila í ríkissjóð hvílir á innlendum innlánsstofnunum, verðbréfafyrirtækjum, verðbréfamiðlurum, eignarleigufyrirtækjum og öðrum fjármálastofnunum, lögmönnum, löggiltum endurskoðendum og öðrum fjárvörsluaðilum, tryggingafélögum svo og sérhverjum öðrum aðilum sem hafa atvinnu af fjárvörslu, milligöngu eða innheimtu í verðbréfavíðskiptum eða annast innheimtu fyrir aðra.

Skiladagur - skilastaðir - vanskil

Gjalddagi afdreginnar staðgreiðslu skatts af fjármagnstekjum ársins 2004 er 15. janúar 2005 en **eindagi 31. janúar. Skilaskyldur aðili skal ótilkvaddur greiða staðgreiðslu af fjármagnstekjum í síðasta lagi á eindaga** og gildir þá einu hvort staðgreiðsla af arði eða vaxtatekjum hafi verið innheimt eður ei.

Ef skilaskyldur aðili framvísar ekki fullnægjandi skilagrein innan tilskilinna tímamarka **skal skattstjóri áætla skilaskylda fjárhæð hans.**

Skila skal staðgreiðslu þessari með því að fylla út og greiða meðfylgjandi giróseðil. Greiðslu er unnt að inna af hendi í öllum bönkum, sparissjóðum og pósthúsum eða hjá innheimtumanni ríkissjóðs. **Hafi ekki verið um að ræða neinar skattskyldar greiðslur arðs, vaxtatekna eða affalla á árinu skal skila núllskýrslu til skattstjóra.**

Ef ekki er greitt í síðasta lagi á eindaga reiknast álag vegna vanskila samkvæmt ákvæðum 17. gr. laga um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Það er 1% á dag fyrir hvern dag eftir eindaga, þó ekki hærra en 10% og til viðbótar ígildi dráttarvaxta fyrir hvern byrjaðan mánuð eftir eindaga.

Upplýsingar um áfallið álag liggja fyrir hjá innheimtumanni þegar skilagreinin hefur verið skráð hjá skattstjóra.

Útfylling skilagreinar (giróseðlis)

Fjárhæð staðgreiðslu er færð í tvennu lagi; annars vegar staðgreiðsla af arði og hins vegar staðgreiðsla af vöxtum. Auk þess skal ávallt fylla út samtölureitinn í efstu línunni.

Hafi engin staðgreiðsla verið innheimt af vaxtatekjum eða arði á árinu, skal gera grein fyrir því með því að setja núll í fjárhæðareitina en X í þar til gerða reiti fyrir neðan.

Ekki er hægt að nota seðilinn fyrir annað en skil á staðgreiðslu af fjármagnstekjum fyrir það greiðslutímabil sem á hann hefur verið ritað.

RSK		Skattur af vöxtum og arði		GIRÓ-SEÐILL	
		Skilagrein vegna staðgreiðslu		S 6	
910203-4569		2004		KR	
		Staðgreiðsla samtals	5.417		
		Staðgreiðsla af vöxtum	0		
		Staðgreiðsla af arði	5.417		
Ólafur Dýrason ehf. Fiskakvísl 17 110 Reykjavík		<input checked="" type="checkbox"/> Engar staðgreiðsluskyldar vaxtagreiðslur á árinu <input type="checkbox"/> Engar staðgreiðsluskyldar arðgreiðslur á árinu			
15/1/2005		Ólafur Dýrason		Móttökudagur - kvittun	
RSK 5.20				Skuldfærslubeiðni er á 1. samriti	
				2. samrit eintak greiðanda	

Nánari upplýsingar veitir framkvæmdarsvið ríkisskattstjóra í síma 563-1100 og skattstjórar um land allt.

FRAMKVÆMDARSVIÐ RÍKISSKATTSTJÓRA